

Akranesi 4.9.2023

Tilvísun: V202309001

Efni: Áform um frumvarp til breytinga á lögum um endurnot opinberra upplýsinga, nr. 45/2018

Umsögn Landmælinga Íslands

Landmælingar Íslands fagna áformum um frumvarp til breytinga á lögum um endurnot opinberra upplýsinga, nr. 45/2018. Um leið vill stofnunin nota tækifærið og minna á lög nr. 44/2011 um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar, en aðgengismál opinberra landupplýsinga á sviði umhverfismála er helsta ástæða þess að Evrópusambandið gaf út INSPIRE tilskipunina þess efnis að byggja upp grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar. Samkvæmt grunngerðarlögum er grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar: „Tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla stafrænna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra.“ Opið aðgengi og samnýting gagna er meginstef laganna um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar sem aftur byggir á nokkrum meginreglum INSPIRE tilskipunarinnar:

- Gögnum skal einungis safnað einu sinni
- Gögnum skal vera haldið við þar sem hægt er að gera það á sem hagkvæmasta hátt
- Einfalt yfirlit verði til yfir hvaða gögn og þjónusta er í boði (lýsigögn). Í þessum tilgangi var Lýsigagnagátt opnuð ¹
- Gögn ætti að nota frá upprunastað sínum
- Tryggt sé að hægt sé að nota gögn frá mörgum í mismunandi samhengi

Segja má að hjarta grunngerðarinnar á Íslandi birtist í Landupplýsingagátt² þar sem er hægt að skoða gögn frá fjölmörgum stofnunum og fá upplýsingar um hvar er hægt að sækja þau. Grunngerð landupplýsinga á Íslandi er verkefni sem felur í sér samræmt skipulag landupplýsinga, þ.e. aðgengi og samtengingu við allar opinberar landupplýsingar á Íslandi. Undir þetta verkefni falla allar landupplýsingar sem stofnanir og sveitarfélög á Íslandi eiga. Með grunngerð landupplýsinga er þó ekki aðeins verið að tala um gögnin sjálf heldur nær hugtakið yfir alla tækni, stefnur, staðla og mannauð sem þarf til að afla, vinna úr, varðveita, miðla og auka nýtingu á landupplýsingum.

¹ <https://gatt.lmi.is/geonetwork/srv/ice/catalog.search#/home>

² <https://kort.gis.is>

Í janúar 2023 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (European Commission) lista í viðauka við Evrópureglugerð 2023/138 þar sem verðmæt gagnasöfn (High Value Datasets) eru skilgreind og opinberir aðilar verða að gera aðgengileg til endurnotkunar, án endurgjalds. Skilgreindir eru sex flokkar verðmætra gagnasafna og eru þar á meðal í fyrsta kafla staðtengdar landupplýsingar (geospatial). Einnig eru umhverfisgögn (earth observation and environment), veðurfræði (meteorological), tölfræði (statistics), fyrirtæki og eigendur (companies and ownerships) og samgöngunet (mobility)³. Nokkur hluti þeirra gagna sem talin eru upp eru upp í köflum tvö til sex eru einnig staðtengdar landupplýsingar (geospatial) og hafa beina tengingu við INSPIRE tilskipunina og gögn sem þar hafa verið skilgreind. Víða er vísað í tilskipunina í lista viðaukans. Einnig er vísað í evrópska reglugerð um skráningu lýsigagna 1205/2008 en íslensk reglugerð nr. 390/2012 um lýsigögn fyrir stafrænar landupplýsingar var sett hér á landi í beinu samhengi⁴.

Tenging er milli evrópsku tilskipunarinnar um endurnot opinberra upplýsinga, reglugerð um verðmæt gögn (HVD) og INSPIRE tilskipunarinnar. Megin tilgangur þeirra er að gera upplýsingar aðgengilegar, endurnýtanlegar og gagnlegar með því að fylgja reglum um opin gögn. Í tilskipuninni um verðmæt gögn er ákveðnum þeimum og gagnasettum veitt meiri athygli og þau dregin fram í dagsljósið þannig að þau eru núna verðmætari en önnur þemu og gögn sem voru skilgreind í tengslum við INSPIRE. Sýnilegur munur milli reglugerðanna er einnig skýr skilgreining á skilmálum hvað varðar aðgengi og notkun, einnig aðgengi að gögnum gegnum API þjónustur og niðurhal „magn eininga“ (bulk-download).

Landmælingar Íslands vilja vekja athygli á mikilvægi þess að byggja á þeirri vinnu sem nú þegar hefur farið fram hér á landi við uppbyggingu grunngerðar landupplýsinga, því tengslaneti sem þar hefur verið sett saman og tæknilausnum sem nýtast í innleiðingu laga um endurnot opinberra upplýsinga. Stofnunin vill einnig benda á mikilvægi þess að tryggja samræmi milli lagabálka þannig að samfella verði í innleiðingu verkefnanna, þ.e.a.s. áframhaldandi uppbyggingar grunngerðar landupplýsinga og þeim kröfum sem mögulega fylgja áformum um frumvarp til breytinga á lögum um endurnot opinberra upplýsinga.

³ <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32023R0138>

⁴ <https://island.is/reglugerdir/nr/0390-2012>